

Lög

**um breytingu á lögum nr. 47/2010, um sanngirnibætur fyrir misgjörðir
á stofnunum eða heimilum sem falla undir lög nr. 26/2007
(sanngirnibætur vegna Landakotsskóla).**

1. gr.

Við lögina bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði laganna er ráðherra heimilt, að fenginni umsögn nefndar samkvæmt lögum nr. 26/2007, að ákveða að aðrar skýrslur en skýrslur nefndarinnar verði lagðar til grundvallar því að krafa um sanngirnibætur verði tekin til meðferðar.

Ákvæði laganna eiga við um kröfur um sanngirnibætur samkvæmt ákvæði þessu eftir því sem við á en þó er ráðherra heimilt að ákveða að innköllun fari fram með öðrum hætti en lýst er í 5. gr. laganna og að afla megi staðfestingar skv. 1. mgr. 6. gr. á því að viðkomandi hafi verið vistaður á því heimili eða stofnun sem um ræðir með öðrum hætti en með staðfestingu nefndar samkvæmt lögum nr. 26/2007.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt á Alþingi 3. desember 2015.